

Mánudaginn 5. marz 1962.

Nr. 159/1961. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn

Jóni Óskari Gunnarssyni

(Vilhjálmur Árnason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Umferðarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Atburður sá, sem mál þetta er af risið, gerðist utan lög-sagnarumdæmis Reykjavíkur. Sakaratriði verða því eigi færð til lögreglusamþykktarákvæða, er í ákæruskjali getur, enda hefur saksóknari fallið frá kröfu um það. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Óskar Gunnarsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Árnasonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. ágúst 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 2. ágúst, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Bergi Bjarnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 8/1961. Ákærvaldið gegn Jóni Óskari Gunnarssyni, en mál þetta var dómtekið 27. júlí 1961. Málið er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæruskjali, útgefnu 8. maí 1961, gegn Jóni Óskari Gunnarssyni bifreiðarstjóra, Borgarholtsbraut 33, Kópavogi, fæddum

3. marz 1922 í Tobbakoti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, fyrir að hafa um kl. 15.15 föstudaginn 17. marz s.l. ekið vörubifreiðinni R 7775 austur Nesveg í Reykjavík, án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn og of hratt, miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum, að 8 ára telpa, sem fór yfir Nesveginn móts við húsið Útsali, varð fyrir bifreiðinni eða lenti utan í henni og beið þegar bana. Þykir þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur, svo sem áður greinir, 3. marz 1922 í Tobbakoti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir.

Í Kópavogi:

1957 21/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. bifreiðalaga og 7. gr. umferðarlaga.

1960 12/9 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 15.15 hinn 17. marz s.l. varð telpa, Elísabet Jónsdóttir, Útsölum, Seltjarnarnesi, fyrir bifreiðinni R 7775 á Nesvegi í Reykjavík, skammt austan við verzlun Kron, sem þar er. Beið hún þegar bana. Ákærði, sem ók bifreiðinni, er slysið varð, hefur skýrt svo frá, að hann hafi upp úr kl. 15 hinn 17. marz s.l. ekið bifreiðinni R 7775 frá fiskverkunarstöðinni Ísbirninum á Seltjarnarnesi, og ætlaði hann út á Reykjavíkurflugvöll að sækja skreið, sem átti að fara í m/s Brúarfoss. Verkstjóri í Ísbirninum tjáði ákærða, að útskipun í m/s Brúarfoss ætti að vera lokið kl. 17.00 um daginn, og segist ákærði af þessum sökum heldur hafa hraðað sér. Ákærði ók austur Nesveg og telur, að hraði bifreiðar sinnar hafi verið um 40 km á klukkustund eða rúmlega það. Hann ók í 4. gír vestar á Nesveginum, en kveðst hafa skipt niður í 3. gír nokkru fyrir vestan slysstaðinn. Að sögn ákærða var veður bjart, snjólaust og ekki hálka, en yfirborð vegarins var leðjukennt og nokkuð mjúkt.

Ákærði sá telpuna, skömmu áður en slysið varð. Var hún þá á göngu eftir stíg, sem liggur á Nesveg frá húsinu Útsölum. Örlitlu síðar sá ákærði, að telpan hafði tekið á sprett út á Nesveg, og virtist ákærða telpan hlaupa heldur til austurs.

Sá ákærði, að telpan veitti bifreið hans enga athygli, og kveðst hann þá hafa snarhemlað.

Bíllinn rann í hemlun nokkurn spöl, og skipti engum togum, að hún lentí á bílnum, og telur ákærði, að hún hafi lent á hægri hurð bílsins. Ákærði reyndi að sveigja til vinstri frá telpunni, en slysi varð ekki forðað. Er bifreið ákærða stöðvaðist, fór hann út og hljóp fram fyrir bílinn. Sá hann þá telpuna liggja með höfuðið rétt við hægra afturhjól bifreiðarinnar, en líkaminn lá þvert á götunni. Lá telpa á grúfu og var hreyfingarlaus. Virtist ákærða höfuð telpunnar lagt saman, og blæddi mikið úr því. Lögreglu var strax gert aðvart.

Eigi varð ákærði þess var, að telpa yrði undir hjólum bílsins, og eigi var hún föst undir afturhjóli, þegar ákærði kom að henni.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi beitt athygli sinni ótrufaðri að akstri bifreiðarinnar og götunni framundan. Þá hefur hann talið, að hann hafi mætt bifreið skömmu fyrir slysið, og kveðst hafa verið búinn að sjá telpuna, áður en bíll hans og sá bíll mættust. Eigi hefur tekizt að hafa upp á ökumanni bíls þessa.

Réttarkrufning á líki telpunnar, Elísabetar Jónsdóttur, fór fram 18. marz s.l. Segir þar, að fundizt hafi mikið brot á höfuðkúpu. Hægra megin var næstum helmingur af kúpubeininu brotinn frá, og þar hafði hægri helmingur litla heilans tætt í sundur. Telur prófessor Niels Dungal, er krufði líkið, að þessar miklu skemmdir hafi leitt telpuna samstundis til bana. Um frekari atvik slyssins er eftirfarandi kunnugt: Vitnið Þorgerður Sigurgeirsdóttir húsfreyja, Sólvallagötu 24, Reykjavík, sat við hlið ákærða hægra megin í bílnum, er slysið varð. Vitninu fannst ákærði aka hægt. Ekki sá vitnið telpuna fyrr en á því augnabliki, er slysið varð, og ekki sá það til ferða telpunnar út á götuna. Vitnið veitti ekki eftirtekt, hvar telpa kom á bílinn, né hvernig hún lá eftir slysið, og ekki kveðst það hafa merkt, að hjól færu yfir telpuna. Vitnið fékk taugaáfall við slysið og gat varla hreyft sig eftir það, enda fór það ekki út úr bílnum. Samkvæmt þessu verður því ekki byggt á framburði vitnis þessa um slysið. Vitnið Sverrir Úlfsson bifvéla virki, Skeiðarvogi 111, Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það hafi setið í bíl sínum norðan Nesvegjar, skammt fyrir vestan þar sem slysið varð. Sá vitnið í gegnum framrúðu bifreiðar sinnar, er slysið skeði, einnig sá það til ferða R 7775 í spegli bifreiðar sinnar, áður en

R 7775 ók fram hjá bíl þess. Eigi sá vitnið annað en að bifreiðin héldi jöfnum hraða, þar til slysið varð, og gizkaði vitnið á, að hraði hennar hefði verið um 50—60 km á klukkustund.

Vitnið sá greinilega hemlaför eftir afturhjól R 7775, en ekki framhjól, og taldi, að bifreiðinni hefði verið sveigt til vinstri frá telpunni til að reyna að forða slysi.

Um líkt leyti og R 7775 var ekið framhá hjá bíl vitnisins, sá það telpuna, og stóð hún þá við gatnamót Nesvegjar og afleggjara heim að húsinu Útsölum, sem er skammt frá slysstaðnum. Eftir að R 7775 var komin fram hjá bíl vitnisins, missti það sjónar á telpunni örlitla stund, en sá hana, er slysið varð.

Vitnið áleit, að telpan hefði hlaupið aðeins vestur í veg fyrir bílinn og á hann framanverðan hægra megin. Hentist hún upp við áreksturinn að sögn vitnisins og kom niður fyrir framan hægra afturhjól, og áleit vitnið, að hjólið, sem beitt hafði verið hemlum, hefði dregið telpuna á undan sér einhvern spöl, en ekki farið yfir hana. Eftir slysið lá telpan með fætuna út á götuna til suðurs. Ekki sá vitnið, að neinir bílar væru á ferð vestur Nesveg í nálægð slysstaðarins, rétt áður en ökumaður R 7775 hemlaði. Vitnið áleit, að ákærði hefði hemlað, eins og hægt var, til að reyna að forða slysi. Vitnið Helga Wium, Akurgerði, Seltjarnarnesi, hefur skýrt svo frá, að um kl. 15.15 hinn 17. marz s.l. hafi það verið að koma heiman að frá sér og ætlað að taka strætisvagn við Vegamót á Seltjarnarnesi. Þegar vitnið var á leiðinni til viðkomustaðar strætisvagnsins, veitti það athygli bíl, sem kom á eftir því, og hægði bílinn á sér, er hann fór fram hjá vitninu. Þegar hann var kominn nokkrar billengdir fram hjá, sá vitnið litla telpu, sem því virtist hlaupa út á götuna, beint á bílinn og skella á öðru framhjóli hans. Virtist vitninu ökumaðurinn vera að auka hraðann, er slysið varð. Sérstaklega aðspurt um hraða bifreiðarinnar, kvaðst vitnið ekki hafa vit á að dæma um kílómetrahraða, en fannst hraði bílsins vera venjulegur innanbæjarhraði, þó frekar miðað við akstur í miðbænum en á Nesvegi.

Vitnið mundi ekki eftir því, hvort bifreið kom á mótí því skömmu fyrir slysið, og eigi veitti það athygli kyrrstæðum bíl á Nesveg vestan slysstaðar. Lögreglumennirnir Héðinn Skúla-son og Borgþór Þórhallsson hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest skýrslu og afstöðumynd af vettvangi. Báðir telja þeir, að hemlaför bílsins á slysstað hafi verið 17.70 m. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Hörður Jónsson og Júlíus Bernburg skoðuðu bílinn og reyndu í akstri eftir slysið.

Hafa þeir gefið svohljóðandi vottorð: „... Við reyndum hemla þar á staðnum og ókum á ca 35 til 40 km hraða (hraðamælir var ekki í lagi), og stöðvaðist bifreiðin á 11.45 metra vegalengd. Greinileg hemlaför eru eftir öll hjól, fótstig hemilsins gekk samt fast að gólfi. Handhemill var í lagi, stýrisútbúnaður var í lagi, nema lager efst við stýrishjólíð var ónýtur, stefnuljós var ekki í lagi, þegar við stöðvuðum í umrætt skipti, og beittum fullu átaki við að stöðva bifreiðina. Brotnaði þá augablað í afturfjöður, og drifskafa gekk úr sambandi. Það skal tekið fram, að bifreiðin var óhlaðin, þegar við reyndum hana í akstri.

Tegund: Chevrolet vörubifreið, smíðaár 1946. Með vinstrihliðarstýri og vökvahemlaútbúnaði og vakúmkút til að létta hemla.“ Bifreiðaeftirlitsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð þetta sem rétt og sannleika samkvæmt.

Samkvæmt eigin framburði ákærða, sem rakinn hefur verið og studdur er framburði vitnisins Sverris Úlfssonar, svo og lengd hemlafara bifreiðarinnar R 7775 á slysstað, verður að telja sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið hraðar en hæfilegt var, miðað við staðhætti og aðstæður, en hraði bifreiðarinnar var einnig meiri en hámarksákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur leyfa á Nesvegi í Reykjavík. Ákærði hefur sjálfur viðurkennt að hafa séð til telpunnar Elísabetar Jónsdóttur, nokkru áður en slysið varð. Bar honum þá samkvæmt L. lið 49. gr. laga 26/1958 að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni.

Með framangreindum of hröðum akstri með tilliti til aðstæðna hefur ákærði gerzt brotlegur við 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Hann þykir og hafa brotið 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 26/1958 með því að sýna eigi þá varúð í akstrinum, er krefjast mátti af honum á þessum stað.

Með ofangreindri óvarkárni og of hröðum akstri telst ákærði meðvaldur að dauða Elísabetar Jónsdóttur, og er hann því brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 1500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir réttinum, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hdl.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Óskar Gunnarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Honum ber að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 1500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1962.

Nr. 154/1961. **Ákæruvaldið**

(Páll S. Pálsson settur saksóknari)

gegn

Einari Gunnari Einarssyni

(Kristján Guðlaugsson hrl.)

og

Jóni Andrési Sveini Valberg Hallgrímssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Brot gegn 248. gr. og 248. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

I.

Ákærði Jón Andrés Sveinn Valberg Hallgrímsson.

Ákærði var starfsmaður á fasteignasöluskrifstofu Einars Gunnars Einarssonar og Guðlaugs Einarssonar héraðsdóms-lögmanna. Var honum m. a. falið að afla umboða frá aðiljum, sem selja vildu fasteignir, og leita síðan tilboða í þær, en samningsgerðir og önnur lögfræðileg störf í sambandi við fasteignasöluna hafði ákærði Einar Gunnar Einarsson á hendi. Í máli þessu er ákærði Jón Andrés Sveinn sakað-